

## **Gjaldskrá Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn**

Fljótsdalshérað greiðir stuðningsfjölskyldu fatlaðs barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarpörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi nr. 504/1997 með síðari breytingum.

Fjárhæð greiðslna frá og með 01.01.2018 er sem hér segir:

1.fl. Börn með umönnunarmat frá 85% til 100%. Börn sem eru algerlega háð öðrum með flestar athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 20.012 kr. fyrir hvern sólarhring.

2.fl. Börn með umönnunarmat frá 43% til 70%. Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.

Greiddar eru kr. 16.584 kr. fyrir hvern sólarhring

3.fl. Börn með umönnunarmat frá 25% til 35%. Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit og aðstoð við athafnir daglegs lífs.

Greiddar eru kr. 16.584 kr. fyrir hvern sólarhring.

Gjöld fyrir tímavinnu skv. 4. mgr. 2. gr. reglna um stuðningsfjölskyldur eru kr. 1.382 .

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.

Gjaldskráin skal endurskoðuð um hver áramót m.t.t. hækkana meðlagsgreiðslna hjá Tryggingarstofnun ríkisins. Tölur hér að ofan miðast við að greiðsla vegna helgardvalar sé sama og eitt meðlag, kr. 33.168 eða kr. 16.584 hver sólarhringur fyrir börn í 2. og 3.fl.

Hækkun taki gildi frá og með 01.01.2018.

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 15. október 2012

Breytt gjaldskrá samþykkt á fundi félagsmálanefndar 16. desember 2013

Breytingar taka gildi 1. janúar 2014

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 26. nóvember 2014

Breytingar taka gildi 1. janúar 2015

Breytt gjaldskrá samþykkt á fundi félagsmálanefndar 21. október 2015

Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2016

Breytt gjaldskrá samþykkt á fundi félagsmálanefndar 16. nóvember 2016

Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2017

Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2018